

Nd.

635. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 12. gr.
 - a. Upphaf 2. málsg. orðist svo:
Árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:
 - b. 3. málsg. falli niður.
 - c. Í stað orðanna „eiga rétt á helmingi þeirrar hækkunar“ í síðustu málsg. komi: eiga rétt á þeirri hækkun.
2. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Greiða má maka . . .
3. Við 37. gr.
 - a. a-liður greinarinnar orðist svo:
Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 2000.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný.
Nú andast ekkja eða ekkill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
 - b. 2. málsg. orðist svo:
Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 35000.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 35000.00, sem skiptist á milli barna hins látna, ef fyrir hendi eru.
4. Við 44. gr. Orðin „að fengnum tillögum hennar“ í lok greinarinnar falli niður.
5. Við 56. gr. Í stað orðsins „lægi“ í 3. málsg. komi: lægri.
6. Við 72. gr. Upphaf 2. másl. 2. mgr. orðist svo:
Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður . . .
7. Við 79. gr. Orðið „óskilgetnum“ í 1. málsg. falli niður.